

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/690****2021/EES/71/02****frá 17. desember 2019**

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana og fyrir hvaða skráðu sjúkdóma er heimilt að fastsetja sjúkdómalausastöðu hólfa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 30. gr. og b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um reglur um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum sem geta borist í dýr eða í menn, þ.m.t. reglur um eftirlit, útrýmingu og að veita hólfi þá stöðu að vera laust við sjúkdóma.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2016/429 er komið á fót samræmdri skrá yfir smitandi dýrasjúkdóma („skráða sjúkdóma“) sem skapa áhættu fyrir dýraheilbrigði eða lýðheilsu í Sambandinu, hvort heldur er í öllu Sambandinu eða hlutum þess.
- 3) Í 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma. Í 30. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að ákvarða, með framkvæmdargerð, hvaða skráðu sjúkdómar eigi að falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, þ.m.t. landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana.
- 4) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir tilskipun ráðsins 2005/94/EB ⁽²⁾ úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í tilskipun 2005/94/EB er kveðið á um skyldubundnar eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu í alifuglum og í villtum fuglum. Skyldubundnar eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu halda áfram að skipta máli til að tryggja öflugt eftirlit innan Sambandsins vegna áhrifa alvarlegrar fuglainflúensu á heilbrigði dýra. Þessar áætlanir ættu einnig að innihalda eftirlit með tilteknum svæðum þar sem aukin áhætta er á að veirur vægrar fuglainflúensu stökkbreytist í veirur alvarlegrar fuglainflúensu. Eftirlit með fuglainflúensu stuðlar einnig að þekkingu á veirum sem skapa mögulega áhættu á að sjúkdómurinn berist milli manna og dýra. Þess vegna ætti þessi skylda að endurspeglast innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429 með eftirlitsáætlunum Sambandsins vegna fuglainflúensu.
- 5) Samkvæmt samræmdri skrá yfir smitandi dýrasjúkdóma í reglugerð (ESB) 2016/429 er gerður greinarmunur milli alvarlegrar fuglainflúensu og sýkingar af völdum veira vægrar fuglainflúensu. Til að tryggja samræmi ætti þessi greinarmunur að endurspeglast í gildissviði eftirlitsáætlana Sambandsins.
- 6) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽³⁾ er m.a. mælt fyrir um viðmiðanir til að ákvarða skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins og innihald slíkra áætlana. Alvarleg fuglainflúensa og sýking af völdum veira vægrar fuglainflúensu samræmast þessum viðmiðunum.
- 7) Með 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 fá aðildarríki rétt til að sækja um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu hólfa fyrir tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Ákvarða ætti með framkvæmdargerð fyrir hvaða sjúkdóma af þessum skráðu sjúkdómum er heimilt að fastsetja sjúkdómalausastöðu hólfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 341. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE (Stjútíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausastöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjútíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

- 8) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir tilskipun ráðsins 2006/88/EB⁽⁴⁾ úr gildi frá og með 21. apríl 2021. Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að koma á fót sjúkdómalausum hólfum með hliðsjón af skrá yfir sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við heilbrigðisreglur um lagardýr sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) gaf út. Í því skyni að stuðla að viðhaldi sjúkdómalausrar stöðu hólfra ætti að nota þá lagardýrasjúkdóma sem eru skráðir í þessa skrá yfir sjúkdóma, að því marki sem mögulegt er, að því er varðar þá skráðu sjúkdóma sem heimilt er að ákvarða sjúkdómalaus stöðu hólfra fyrir innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 9) Þar eð ákvæðin í reglugerð (ESB) 2016/429, sem gilda um þau málefni sem falla undir þessa reglugerð, koma til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skráðir sjúkdómar, sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins í samræmi við 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana eru sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Þeir skráðu sjúkdómar sem heimilt er að ákvarða sjúkdómalaus stöðu hólfra fyrir, í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru settir fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

I. VIÐAUKI

<i>SKRÁÐIR SJÚKDÓMAR SEM FALLA UNDIR EFTIRLITSÁÆTLANIR SAMBANDSINS</i>	<i>LANDFRÆÐILEGT GILDISSVIÐ EFTIRLITSÁÆTLANA SAMBANDSINS</i>
Alvarleg fuglainflúensa	Allt yfirráðasvæði aðildarríkis
Sýking af völdum veira vægrar fuglainflúensu	Allt yfirráðasvæði aðildarríkis

II. VIÐAUKI

SKRÁÐIR SJÚKDÓMAR SEM HEIMILT ER AÐ ÁKVARÐA SJÚKDÓMALAUSA STÖÐU HÓLFA FYRIR

Blóðmyndandi drep

Veirublæði

Iðradrep

Sýking af völdum blóðþorraveiru af arfgerð með HPR-úrfellingu

Sýking af völdum *Microcytos mackini*

Sýking af völdum perkinsveikisýkils (*Perkinsus marinus*)

Sýking af völdum ostruveikisýkils (*Bonamia ostreae*)

Sýking af völdum *Bonamia exitiosa*

Sýking af völdum martelíuveikisýkils (*Marteilia refringens*)

Sýking af völdum rauðhalaveiru

Sýking af völdum gulhöfðaveikiveiru

Sýking af völdum hvítblettaveikiveiru
